

Hagnýt ráð fyrir foreldra

Tíu ráð til að aðstoða son þinn við lesturinn.

Rannsóknir sýna að drengir eru að jafnaði slakari en stúlkur í lestri og skrift. Ef sonur þinn á í erfiðleikum er vert að skoða hvort hann þarf nýja nálgun til að vekja áhuga hans á lestri.

Hér fylgja 10 einföld ráð sem þú getur notað til að aðstoða hann við að ná framförum í lestri.

1. **Það tekur tíma að auka tiltrú hans og færni.** Þyngdarstig bókarinnar skiptir ekki máli heldur magnið sem lesið er. Leyfðu syni þínum að velja sjálfur þær bækur sem hann langar til að lesa jafn vel þótt þér þyki þær of léttar. Það styrkir sjálfstraust hans og gefur honum kjark til að velja erfiðari bækur.
2. **Leyfðu honum að velja sjálfur.** Hann velur þá bók sem hann langar að lesa. Hafðu ekki áhyggjur þótt hann velji bækur sem fjalla um svipað efni. Vertu þess meðvituð/aður að hann er að lesa sér til ánægju.
3. **Allir hafa gaman að góðum sögum, lestu því fyrir hann.** Ef sonur þinn hefur áhuga á sögunni en treystir sér ekki til að lesa hana skulu þið lesa hana saman. Það getur aukið ánægjuna.
4. **Vertu góð fyrirmynd.** Láttu hann sjá þig lesa og skrifa. Þannig metur hann þig og lesturinn meira.
5. **Ögraðu honum á ýmsan hátt.** Lestur og skriftir eru aðeins hluti af því að vekja áhuga sonar þíns á spennandi viðfangsefnum. Spilaðu við hann skák, leystu með honum krossgátur, spilaðu á spil og leikið þið saman tölvuleiki. Virkur hugur er betur undirbúinn fyrir lestur.
6. **Vertu í sambandi við kennarann hans.** Næst þér er kennarinn sá sem veit mest um lestrargetu sonar þíns. Ræddu við kennarann um stöðu hans í lestri og skrift. Fáðu leiðbeiningar frá kennaranum með hvaða hætti þú getir haft áhrif á að sonur þinn bæti sig í lestri.
7. **Láttu hann lesa efni af ýmsu tagi.** Það er hægt að lesa margt annað en bækur. Lesið t.d. leiðbeiningar um nýjan tölvuleik eða flugvélmódel. Það er líka góð lestraræfing.
8. **Vertu vakandi yfir áhugamálum sonar þíns.** Láttu áhuga hans á íþróttum og tónlist verða ástæðu til lestrar. Útvegaðu honum bækur og blöð sem fjalla um efni sem honum þykja spennandi og skemmtileg og hann kemst fljótt að því að það sama á við um lestur.
9. **Vafrið á netinu.** Veraldarvefurinn er hlaðinn efni sem höfðar til sonar þíns. Nýttu áhugasvið hans til að vekja áhuga hans á lestri. Að skrifa tölvupóst til vina og vandamanna er góð æfing. Gættu fulls öryggis og að foreldravörn sé virk.
10. **Sýndu jákvæð viðbrögð daglega.** Klapp á bakið, jákvæð örvun og hvatning gera son þinn áhugasamari um lestur og skriftir. Sýndu ósvikinn áhuga þegar sonur þinn hefur lokið lestrar- og skriftarverkefnum, lesið nýja bók eða skrifað sögu og segðu honum hve stolt/ur þú ert af honum.